

## AUGLÝSING

### um breytingu á gjaldskrá fyrir kattahald í Hveragerðisbæ, nr. 1358/2011.

#### 1. gr.

1. gr. gjaldskrárinnar orðist svo:

Þeir sem fá heimild til að halda kött, sbr. 1. gr. samþykktar nr. 556/2007 með áorðnum breytingum, um kattahald í Hveragerði skulu greiða fyrir það skráningargjald kr. 5.000 sem rennur í bæjarsjóð. Jafnframt skal eigandi kattar greiða árgjald kr. 5.000 sem rennur í bæjarsjóð. Er gjöldunum ætlað að standa undir kostnaði við framkvæmd fyrrgreindrar samþykktar, sbr. 2. gr. hennar.

#### 2. gr.

2. gr. gjaldskrárinnar orðist svo:

Handsömunargjald skv. 11. gr. sömu samþykktar skal vera kr. 2.500 í fyrsta skipti en síðan hækkar það í kr. 4.500 ef til handsömunar kemur aftur innan 6 mánaða frá fyrri handsömun. Að auki skal umráðamaður kattar greiða þann kostnað sem til fellur svo sem dvalar- og geymslukostnað.

Óskráða ketti má ekki afhenda fyrir en að lokinni skráningu, greiðslu skráningargjalds og annars áfallins kostnaðar.

#### 3. gr.

Breyting þessi er samþykkt af bæjarstjórn Hveragerðisbæjar 8. desember 2022 með tilvísun til heimildar í samþykkt um kattahald í Hveragerði nr. 556/2007, sbr. 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og öðlast þegar gildi.

*Hveragerði, 8. desember 2022.*

**Geir Sveinsson** bæjarstjóri.